

1898

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 268/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Heiðari Þór Guðmundssyni

(Jóhann Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærði skaut máli þessu til Hæstaréttar, og er áfrýjunarstefna ríkissaksóknara dagsett 4. maí 1993. Ákærði krefst aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvalds, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til greiðslu fjársektar, en ekki til frelsissviptingar.

Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og heimfærslu til refsí-ákvæða svo og ákvæði hans um sakarkostnað. Samkvæmt saka-vottorði ákærða, sem lagt var fyrir Hæstarétt, hefur hann frá árinu 1977 meðal annars fjórum sinnum gerst sekur um ölvun við akstur og sjö sinnum um að aka sviptur ökuréttindum, áður en til þess brots kom, sem hér er til meðferðar. Með hliðsjón af sakaferli hans er refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Heiðari Þór Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhanns Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

1899

S é r a t k v æ ð i

Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttardómara.

Ákærða var veitt heimild til ökuleyfis að nýju 21. desember 1992 og öðlaðist ökurétt 1993.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómara um annað en refsingu ákærða, sem ég tel hæfilega ákveðna 80.000 króna sekt til ríkissjóðs, en til vara 40 daga varðhald.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 9. mars 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 9. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Sveini Sigurkarlssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-60/1992: Ákærvaldið gegn Heiðari Þór Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 24. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæru, út gefinni 19. október sl., sem birt var ásamt fyrirkalli 27. s. m., á hendur Heiðari Þór Guðmundssyni, kt. 130758-6499, fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með því að hafa föstudaginn 3. janúar 1992 ekið bifreiðinni JT-967, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Ránargötu í Grindavík að Mánagötu 3, þar sem lögreglan í Grindavík stöðvaði frekari akstur hans.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ákærði hefur haldið uppi vörnum í málinu og gert þá aðalkröfu, að hann verði sýknaður af ákæruatriðum á grundvelli neyðarréttar, til vara, verði hann sakfelldur, að sér verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, og til þrautavara, að hann verði ekki dæmdur til frelsissviptingar.

Fyrir dóminn hafa auk ákærða komið lögreglumennirnir Hjálmar Hallgrímsson og Bjarni Bjarnason og gefið vitnaskýrslur.

Málavextir.

Um málavexti er ekki deilt í máli þessu, en þeir eru samkvæmt framburði ákærða og vitnanna á þá lund, að ákærði ók 3. janúar bifreiðinni JT-967, sviptur ökuréttindum, frá Ránargötu í Grindavík og síðan Hafnargötu til vesturs og inn Mánagötu að húsinu nr. 3, en þar stöðvuðu lögreglumenn þeir, sem borið hafa vitni í máli þessu, frekari akstur ákærða.

Ákærði hefur samkvæmt þessu viðurkennt, að hann hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn, en telur, að sér sé það refsilaust á grundvelli neyðarréttar, en bifreiðin hafi staðið ólöglega fyrir utan húsið við Mánagötu 3, og hafi bifreiðum, sem leið áttu um götuna, stafað af henni hætta, auk þess sem ekki hafi verið unnt að komast fram hjá henni vegna þess, hversu þröng gatan er. Hann hafi verið inni í húsinu Mánagötu 3, er hann tók þessa

ákvörðun, en þar hafi á þeirri stundu enginn verið annar, sem gat fært bifreiðina, og sér ekki hugkvæmst að hafa samband við lögreglu eða aðra og leita liðsinnis til þess að færa bifreiðina á öruggan stað. Sér hafi fundist þetta einfaldasta lausnin á málinu, enda þótt sér væri ljóst, að hann væri sviptur ökuréttindum og því óheimilt að aka bifreiðinni.

Niðurstaða.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hefur ákærði ekið bifreiðinni JT-967 í umrætt sinn sviptur ökuréttindum. Ekki er fallist á þá mótbáru hans, að verknaðurinn sé honum refsilaus, á grundvelli ákvæðis 13. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda ekki sýnt, að slík hætta hafi verið yfirvofandi eða slíkir hagsmunir í húfi, að leiði til refsileysis á grundvelli neyðarréttar.

Er brot ákærða rétt fært til refsíákvæðis í ákæru.

Ákærði hefur áður sætt eftirtöldum refsivíðurlögum, er hér skipta máli:

1. Hinn 14. 11. 1988: 30 daga varðhald, m. a. fyrir brot á 1. mgr. 48. gr. umfl.
2. Hinn 13. 6. 1989: 40.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 48. gr. umfl.
3. Hinn 11. 12. 1991: 30 daga varðhald samkvæmt dómi Hæstaréttar, m. a. fyrir brot gegn 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr. umfl.

Samkvæmt þessu er hér um að ræða fjórða brot ákærða, þar sem hann ekur bifreið sviptur ökuréttindum. Við ákvörðun refsingar skal líta til þessa sakaferils, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða fyrir brot þetta, sem varðar við 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þykir hæfilega ákveðin 60 daga varðhald.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Gauts Kristjánssonar hdl., 25.000 kr., og 20.000 kr. í saksóknarlaun til ríkissjóðs.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Heiðar Þór Guðmundsson, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Gauts Kristjánssonar hdl., 25.000 kr., og 20.000 kr. í saksóknarlaun til ríkissjóðs.